Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

APRÍL 2016

Vesturbæjarútibú við Hagatorg

4. tbl. 19. árg.

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

Nemendum úr Melaskóla var prýðisvel tekið af heimilisfólki á Grund.

PANTAÐU Á DOMINOS.IS
DOMINO'S APP
SÍMI 58 12345

Slökkvitækja-þjónustan
☎ 564 1433
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!

Himnasending?
HAPPA ÞRENNAN
Skemmtilegt að skafa!

- bls. 4-5
Viðtal við Guðrúnu Láru Ásgeirsdóttur

- bls. 12-13
Bernskuminningar

Sjöundu bekkingar úr Melaskóla heimsóttu Grund

Tólf nemendur úr 7. bekk Melaskóla fóru föstudaginn 8. apríl sl. og heimsóttu heimilisfólk að Grund.

Krakkarnir áttu góða morgunstund með heldri borgurum sem búa á öldrunarheimilinu og fluttu meðal annars vordagskrá sem var sett saman af tali og tónum. Þau spjölluðu einnig við eldra fólkið og er ljóst að ólíkar kynslóðir náðu mjög vel saman þar sem hlýja og einlægni yfirstigu öll kynslóðabil. Færst hefur í vöxt á undanförnum árum að krakkar á grunnskólaaldri heimsæki heldri borgara sem dvelja á elli- og hjúkrunarheimilum og kynslóðirnar miðli hvor annarri af hugmyndum sínum.

RÉTTSKIL
BÓKHALDSSKRIFSTOFA
Ársreikningar Skattframtöl
Launaútreikningar o.fl.
Sími: 6600583 • 6966714
Rettskil.is

Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Gleðilegt sumar!
fimmtudag - föstudag - laugardag - sunnudag
21. - 24. apríl, á meðan birgðir endast
helgartilboð

Lambafillet úr kjötborði 3989 kr/kg
Lambalæri úr kjötborði 1598 kr/kg
Lambahryggir úr kjötborði 1998 kr/kg

Ísfugls Heill kjúklingur 20% afsláttur

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171
Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904
Netfang: thordingimars@gmail.com
Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
Heimasíða: borgarblod.is
Netfang: borgarblod@simnet.is
Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson
Umbrot: Valur Kristjánsson
Prentun: Landsprent ehf.
Dreifing: Morgunblaðið
4. tbl. 19. árgangur
Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

Nagladekkin undan

Svifryksmyndun gerir sífellt oftar vart við sig í Reykjavík. Orsakir hennar geta verið ýmsar, af veðurfarslegum og atvinnuvegalegum orsökum en einnig kemur svifryk upp af malbiki þar sem umferð er stöðug. Vitað er að negldir hjólbarðar spæna malbikið upp. Þeir virka eins og plógar og ummerkin sjást víða á götum. Notkun negldra hjólbarða hófst fyrir alvöru seint á sjöunda áratug liðinnar aldar þegar ákveðin tegund af dekkjamynstri kom á markað – oft kölluð snjódekk. Snjódekkin og naglarnir voru gripin fegins hendi og leystu notkun snjókeðja af hólmi á skömmum tíma. Þá voru aðstæður um margt aðrar en í dag. Mun meiri áhersla er lögð á að ryðja snjó af götum og eyða hálku en áður var. Segja má að flestar aðalgötur á höfuðborgarsvæðinu séu greiðfærar og nánast hálkulausar allan vetrartímann. Notkun negldra hjólbarða eða nagladekkja er því nánast óþörf undir önnur ökutæki en þau sem einnig eru notuð til ferða á þjóðvegum landsins þar sem hálkuvörn er með öðrum hætti. En umfram allt er nauðsynlegt að bifreiðareigendur virði reglur um notkun negldra hjólbarða og taki þau undan bílum sínum í tíma. Í því felst sparnaður á almannafé en fyrst og fremst dregur það úr mengun.

Orrahríð

Orrahríðin sem undan er gengin í stjórnmálum hér á landi sýnir og sannar að afleiðingar þennsluáranna fyrir hrun, hrunsins sjálfs og eftirleiksins eru síður en svo gengnar. Þótt tekist hafi að forða þjóðfélaginu af gjaldþrotsbrún og margt hafi áunnist við að efla atvinnulíf og þjóðarhag að nýju eru ómæld verkefni enn fyrir hendi. Eitt þeirra er að skapa meiri rólegheit og sátt í þjóðfélaginu en orðið er. Mörgum er í fersku minni það flóð fjármuna sem fór yfir land og þjóð á fyrsta áratug aldarinnar og hvernig misskipting efnisgæða óx óðfluga í skjóli óvarlegrar bankastarfsemi. Í dag stingur meðal annars í augu almennings iðni þeirra sem til þess höfðu tækifæri að koma fé fyrir á aflandseyjum í svokölluðum skattaskjólum. Einnig telja margir sig skynja vaxandi misskiptingu á nýjan leik þótt það kunni fremur að vera byggt á tilfinningum en raunmælingum. Hvað sem líður stefnum og stjórnarháttum er erfitt að láta mikla misskiptingu tekna og eigna þróast í jafn fámennu kunnugleikasamfélagi eins og er hér á landi. Ef slík þróun hefst af krafti að nýju má búast við viðvarandi orrahríð í þjóðmálunum og ef til vill víðar.

Geri við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar
Bíla- og bátarafmagn
Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

rafmagn@mi.is

STUTTAR BORGARFRÉTTIR

Aðeins sjö af 969

Af samþykktum áformum um byggingu alls 969 íbúða í höfuðborginni í fyrra voru einbýlishúsin aðeins sjö. Þetta kemur fram í ársskýrslu byggingarfulltrúans í Reykjavík sem kynnt var í borgarráði nýlega. Flestar íbúðirnar eru í fjölbýlishúsum eða 926, í raðhúsum 30 og í tvíbýlishúsum sex. Stúdentaíbúðir voru 202. Í ársskýrslunni kemur einnig fram að á árinu 2015 hafi smíði 926 íbúða hafist. Til samanburðar voru aðeins tíu íbúðir byggðar árið 2010. Samþykkt byggingarmagn í Reykjavík hefur nærri tvöfaldast frá fyrra ári og er íbúðarhúsnæði þar í miklum meirihluta eða 64%.

Öldungaráðið fundar um fátækt aldraðra

Opinn fundur öldungaráðs Reykjavíkurborgar var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur 14. apríl sl. en efni fundarins var fátækt á meðal eldri borgara. Kolbeinn H. Stefánsson, sérfræðingur hjá Hagstofu Íslands flutti erindi um fátækt eldri borgara og þar kom m.a. fram skuldir hafa áhrif á stöðu eldri borgara og best er að losa sig við sem flestar skuldir áður en að eftirlaunaaldri er náð. Ellý Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, flutti erindi um þjónustu við tekjulitla eldri borgara í Reykjavík. Í máli hennar kom fram að hagur eldri borgara með erlent ríkisfang er verri en þeirra sem safnað hafa lífeyrisréttindum með þátttöku á vinnumarkaði á Íslandi. Kjörnir fulltrúar veltu fyrir sér leiðum til að koma í veg fyrir fátækt á meðal aldraðra. Frá Bjartri Framtíð talaði Ilmur Kristjánsdóttir, frá Framsókn og flugvallarvinum Jóna Björg Sætran, frá Samfylkingu Heiða Björg Hilmisdóttir, frá Sjálfstæðisflokki Halldór Halldórsson, frá Pírötum Kristín Elfa Guðnadóttir og frá Vinstri grænum Elín Oddný Sigurðardóttir. Að lokum tóku allir viðstaddir þátt í opnum viðræðum. Meðal þeirra sem sátu fundinn voru Guðrún Ágústsdóttir, formaður öldungaráðs, Þórunn Sveinbjörnsdóttir formaður Félags eldri borgara og fulltrúar allra flokka í borgarstjórn. Stefán Eiríksson, sviðsstjóri velferðarsviðs, sá um fundarstjórn.

Vernda börn gegn markaðssókn

Endurskoðaðar hafa verið reglur um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar. Við endurskoðun á reglunum var meðal annars horft til reynslu af eldri reglum, niðurstaðna könnunar á viðhorfum stjórnenda í skóla- og frístundastarfi og foreldra til reglnanna, þróunar á þátttöku barna og unglinga í skipulegu íþrótta- og tómstundastarfi og ítarefnis og upplýsingar um börn og markaðsmál á vef Umboðsmanns barna. Haft var víðtækt samráð um endurskoðun reglnanna og sátu fulltrúar hagsmunaaðila í starfshópi sem vann að endurskoðuninni. Meginmarkmið reglnanna er að vernda börn gegn auglýsingum og markaðssókn í skóla- og frístundastarfi, þó án þess að takmarka aðgang að upplýsingum um íþrótta- og tómstundastarfi og án þess að banna að börn fái afhenta hluti samkvæmt ákvörðun stjórnanda og notaðir eru við fræðslu og forvarnir í starfseminni.

Fleiri í dægradvöl í Þorraseli

Dagdvalarrýmum í Þorraseli við Vesturgötu 7 fjölgar úr fjörutíu í fimmtíu eftir heimild frá heilbrigðisráðherra. Velferðarráðuneytið fékk tímabundna fjárveitingu á árinu til að leita úrræða fyrir gamalt fólk sem dvelur á sjúkrahúsi en þarf ekki lengur á sjúkrahúsþjónustu að halda. Fjárveitingin nær einnig til þjónustu við þá sem vilja dvelja lengur heima en þurfa á aðstoð að halda. Ráðuneytið leitaði eftir hugmyndum frá Reykjavíkurborg um að nýta þessa fjárveitingu. Borgin lagði m.a. til að rýmum í Þorraseli yrði fjölgað, en markmiðið með flutningi Þorrasels frá Þorragötu 3 að Vesturgötu 7 sl. vor var einmitt að fjölga dagdvalarrýmum og hagræða í rekstri. Breytingin tekur gildi frá og með 8. apríl og út árið 2016.

Hvert klósett kostar 5,3 milljónir á ári

Skýrsla starfshóps um almenningsklósett í Reykjavík var kynnt nýlega á fundi umhverfis- og skipulagsráðs. Þar kemur fram að nokkrum almenningsklósettum í Reykjavík hafi verið lokað frá 2007 og er lagt til að ný verði opnuð á næstu árum. Einnig kemur fram í skýrslunni að rekstrarkostnaður hvers turnsklósetts sé um 5,3 milljónir á ári. Áætlað er að stofnkostnaður við nýtt salerni sé 27,3 milljónir og er rekstrarkostnaður 2,3 milljónir á ári. Hugmyndin er að endurnýja fjögur salerni 2018 og þrjú 2019.

Matvöruverslun í Bankastræti

Sótt hefur verið um leyfi til að innrétta matvöruverslun í stað sérvöruverslunar í austurhluta 1. hæðar í húsi á lóð nr. 11 við Bankastræti. Málið er til meðferðar hjá byggingar- og skipulagsfulltrúa Reykjavíkur.

Risíbúð við Bárugötu

Sótt hefur verið um leyfi til að gera íbúð í risi að séríbúð og loka á milli hennar og íbúðar á 2. hæð, síkka þakglugga og byggja svalir á rishæð fjölbýlishúss á lóð nr. 35 við Bárugötu.

Veitingahús í Hafnarstræti 1 til 3

Sótt hefur verið um leyfi til þess að innrétta veitingastað í flokki III tegund A á fyrstu hæð í austurenda Fálkahússins og fjölga gluggum á viðbyggingu á norðurhlið hússins á lóð nr. 1 til 3 við Hafnarstræti.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070

Vesturbæingar

Er sumarið þá loksins komið?

Grandavegur 42

Nýbygging í Vesturbæ Reykjavíkur !

Á reitnum verða 141 íbúð á tveimur til níu hæðum en nú hefst sala á 58 íbúðum í 3ja til 4ra hæða byggingum.

Um er að ræða glæsileg fjölbýlishús með lyftu og stæðum í bílageymslu.

Einstök staðsetning í hjarta vesturbæjar Reykjavíkur **við sjávarsíðuna** þar sem stutt er í alla helstu þjónustu og iðandi mannlíf miðbæjar Reykjavíkur.

- Svalalokanir
- Ísskápur og uppþvottavél
- Baðherbergi, þvottahús og forstofa flísalögð
- Fataskápar í herbergjum og forstofu
- Þakíbúðir með um 150 fm þakgarði
- 2ja til 4ra herbergja íbúðir
- Stærð íbúða frá 79 fm til 144 fm
- Vel skipulagðar og fjölbreyttar íbúðir
- Einkasala

MIKLABORG

Lágmúla 4 108 Reykjavík **www.miklaborg.is** **5697000**

Nánari upplýsingar veita:

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520
jonrafn@miklaborg.is

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

Páll Þórólfsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 893 9929
pall@miklaborg.is

Frá Sólvallagötu að Hagamel

... með viðkomu á ýmsum stöðum úti á landi og erlendis

Guðrún Lára Ásgeirsdóttir kennari og skólabókasafnsfræðingur á Hagamelnum hefur gefið út fyrsta bindi æviminninga sinna sem hún nefnir „Á meðan ég man – atburðir æfi minnar. Ég kallaði bókina sem kom út á síðasta ári – fyrra bindi því ég ætlaði að ljúka þessari yfirferð í annari bók en nú er svo komið að ég á þriðja hluta ævinnar enn eftir óskrifaðan í dagbókum og frumhandritum þannig að ég býst við að ég verði að sitja við fram á næsta ár og skrifa þriðju bókina eigi mér að takast að koma því frá mér sem ég lagði upp með í þessum skrifum," sagði hún í spjalli við Vesturbæjarblaðið á dögunum þar sem hún ræddi um æsku sína í Vesturbænum.

„Ég ólst upp í Ási við Sólvallagötu 23 en þangað fluttu foreldrar mínir Ásgeir Einarsson dýralæknir og Lára Sigurbjörnsdóttir þegar Guðrún Lárusdóttir eiginkona Sigurbjörns Á. Gíslasonar afa míns drukknaði í Rangá ásamt tveimur dætrum sínum 20. ágúst 1938. Þetta var hræðilegt slys sem setti lengi svip á fjölskylduna og einkum líf afa. Eftir að mamma hafði misst móður sína og tvær systur í sviplegu slysi var hún orðin eina konan í fjölskyldunni og varð að taka við heimili afa þangað sem margir lögðu leið sína. Ég er elst fimm systkina. Systur mína þrjár eru Sigrún, Þórunn og Áslaug sem allar eru kennarar og hafa búið í Mosfellsbæ sína fullorðinsævi. Það eru alltaf fjögur ár á milli okkar systra en bróðir okkar Einar Þorsteinn skaust í heiminn á milli mín og Sigrúnar sem er þriðja barnið í röðinni. Einar Þorsteinn lést fyrir um ári en við systurnar erum allar á lífi."

Mikið heimilislíf í Ási

Guðrún Lára segir mikið heimilislíf hafa jafnan verið í Ási. „Faðir minn var dýralæknir fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu og mér fannst stundum eins og hann starfaði fyrir allt landið. Hann var oft að senda lyf út um allt land. Hann var sjötti Íslendingurinn sem lærði dýralækningar og það voru enn mjög fáir dýralæknar á landinu. Oft gat því verið auðveldara fyrir bændur að hringja í pabba eftir lyfjum en dýralæknana á heimaslóðum vegna þess að póstsamgöngur voru greiðari við Reykjavík en á milli staða út á landi. Við systurnar vorum því alvanar að búa til súrdoðaskammta og önnur dýralyf sem þurfti að nota í sveitunum. Afi var líka mjög virkur á sínu sviði á meðan hans naut við. Hann var oft að útvega guðfræðingum bækur erlendis frá til að víkka sjóndeildarhring þeirra og það komu margir sem áttu erindi við hann um hin ýmsu mál. Þá var ég elsta stelpan sett í að færa þeim kaffi inn á kontór til afa og vandist fljótt við það. Móðir mín var lengi formaður Kvenréttindafélagsins og ritstjóri 19. júní. Því var alltaf mikið um félagsstarfsemi á æskuheimili mínu í Ási. Við vorum átta í heimili, við systkinin fimm, foreldrar okkar og svo afi. Sem barn þá trítlaði ég oft með afa út á Grund en hann var einn aðalstofnandi þess og heimilisprestur. Sumir halda að Gísli sonur hans hafi stofnað Grund en hann var bara 15 ára þegar það var stofnað og hann tók við rekstri þess eins og margir þekkja og fjölskylda hans rekur það enn þann í dag."

Ætlaði að byrja að skrifa um sextugt

Guðrún Lára segir að endurminningar sínar eigi rætur aftur þess tíma að hún var lítil stelpa. Þá hafi hún ákveðið að skrifa hjá sér um ýmsa atburði og geyma alla pappíra sem hefðu minningargildi. Ég átti marga pennavini í æsku og gætti þess vel að halda utan um bréfasafnið. Þegar ég var búinn að velja úr hvað ég ætlaði að nota í bækurnar fór ég með skjölin mín til borgarskjalasafnsins og þau fylltu 21 bréfabindi af stærri gerðinni. Ég flokkaði þetta eftir tungumálum og síðan eftir tíma. Ég skrifaði líka foreldrum mínum mikið þegar ég var á ferðalögum og öll bréfin voru geymd í Ási og ég gat notað þau nánast eins og dagbók á meðan ég var að skrifa fyrri eða eigum við að segja fyrstu bókina. Ég ætlaði að byrja á þessum skrifum þegar ég var sextug árið 2000 en það tafðist um nokkur ár vegna allskonar verkefna. Ég hafði skrifað nokkrar bækur inn á tölvu fyrir manninn minn séra Ágúst Sigurðsson þar á meðal bækurnar um Kirkjustaði á Vestfjörðum og Prestskonurnar sem hann skrifaði auk annarra bóka þannig að ég var komin með nokkra reynslu af útgáfu bóka þegar ég lagði í þetta verkefni. Ég tók mig líka til eitt sinn og skrifaði öll bréf ömmu minnar Guðrúnar Lárusdóttir rithöfundar og alþingismanns sem hún hafði skrifa til móður sinnar og systur sem ég og Sigrún systir mín gáfum síðan út sem bréfabækur fyrir fjölskylduna."

Guðrún heima í stofu á Hagamelnum.

Einar Þorsteinn „grand old man" hjá Ólafi

Guðrún Lára minnist bróður síns sérstaklega og hlutverks hans við hönnun Hörpunnar. „Hann bjó lengi í Þýskalandi og eitt af síðustu verkum hans var aðkoma að hönnun glerhjúpsins sem er utan um Hörpu. Okkur sárnar stundum þegar talað er um að Ólafur Elíasson hafi unnið ytra byrðið á Hörpu. Einar Þorsteinn var í vinnu hjá honum og vann að allri útfærslunni. Okkur finnst því hann eiga ytra byrðið á Hörpunni – ekki síður en Ólafur en hann hafði lengi fengist við rannsóknir og hönnun á kúlubyggingum ásamt öðrum verkefnum. Einar Þorsteinn var svona „grand old man" á vinnustofunni hjá Ólafi þar sem þekking hans á arkitektúr kom að góðum notum. Guðmundur Oddur (Goddur) prófessor við Listaháskólann er sammála mér um þetta og hefur oft reynt að leiðrétta það en mér finnst synd að Einar Þorsteinn skuli ekki fá að njóta sinnar þátttöku í þessu stóra verkefni." Guðrún kveðst hafa komið á sýningu í Lousiana safninu fyrir norðan Kaupmannahöfn fyrir nokkrum árum þar sem einn sýningarsalurinn hafi verið helgaður Einari Þorsteini sérstaklega fyrir þátt hans í þróun hins kúlulaga arkitektúrs."

Sterk tengsl við Þýskaland

Fjölskylda Guðrúnar Láru hafði alltaf haft mikil tengsl við Þýskaland. Hannover var eiginlega þýska borgin okkar. Þar áttum við marga vini sérstaklega – pabbi sem hafði lært dýralækningar í Þýskalandi og þau tengsl héldust lengi áfram alveg fram á þriðju kynslóð. Ég dvaldi þar tíma og tíma og þjóðverjar hafa gjarnan spurt mig hvar ég hafi lært þýsku. Í Hannover er töluð svokölluð háþýska en þýskan var líka uppáhaldsfagið mitt í Kvennaskólanum þar sem Salóme Nadel systir Jóns Leifs kenndi þýsku og var mikill uppáhaldskennari minn." Guðrún Lára lítur út um stofugluggann hjá sér á Hagamelnum og segir að þarna hafi skólagangan byrjað. „Melaskólinn var tekinn í notkun 1946 ári áður en ég byrjaði í skóla sjö ára gömul. Þar hafði ég alveg yndislegan kennara, Sigríði Eiríksdóttur sem var aðal ennarinn okkar í sex ár og maður á henni svo margt að þakka."



Á bókarkápu er mynd af Guðrúnu á hlaði Húsmæðraskólans á Hallormsstað þar sem hún var forstöðukona og hótelstjóri rúmlega tvítug.

Fór í tvö löng Evrópuferðalög

Guðrún Lára segir að hópur af stúlkum hafi farið beint úr Melaskóla í Kvennaskólann. Þaðan hafi leiðin legið til vinnu en einnig til ferðalaga. „Ég fór að vinna hjá útlendingaeftirlitinu með ágætu fólki en svo fór ég að leggjast í ferðalög og var svo heppin að geta fengið fólk til þess að leysa mig af í vinnunni. Ég fór í tvö löng ferðalög sem fáir unglingar höfðu gert á þeim tíma enda engin lágjaldaflugfélög á þeim tíma. Ég fór í enskunám til Englands 1958 og síðan í tvær langar Evrópuferðir. Aðra 1960 og var í um níu mánuði í burtu en síðari ferðina fór ég eftir að hafa verið skólastjóri á Hallormsstað. Þá keypti ég mér bíl og bauð mömmu með. Við vorum á ferð í þrjá mánuði og ókum meðal annars til Grikklands og skoðuðum lönd á leiðinni þangað. Ég vann líka hjá Ferðaskrifstofu ríkisins. Þar vann ég með Vigdísi Finnbogadóttur sem síðar varð forseti Íslands. Við fórum stundum saman í ferðir og ég var fararstjóri á þýsku og dönsku en Vigdís á ensku og frönsku. Þetta var í árdaga ferðamennskunnar. Ég gat notfært mér dálítið sem ég hafði lært í sjálfboðavinnu við gæta farfuglaheimilisins sem var í Austurbæjarskólanum á sumrin. Þar vorum við Helga Þórarinsdóttir sem var mikill þjóðdansari og skiptumst við á um að gæta þessa mjög svo gamaldags farfuglaheimilis. Þarna voru hermannabeddar í skólastofunum og það mátti elda frammi á gangi. Þetta voru mest strákar sem gistu þar og til undantekninga heyrði ef að stúlka kom til að gista. Þær voru tæpast

FERSKUR FISKUR DAGLEGA
MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA
VERIÐ VELKOMIN
FISKBÚÐIN VEGAMÓT
Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opið virka daga kl. 10 - 18:30

Guðrún á fermingardaginn með móður sinni Láru Sigurbjörnsdóttur.

farnar að ferðast einar á þessum tíma. En þarna kynntist ég mörgu fólki og í fyrri Evrópuferðinni 1960 hafði ég samband við og heimsótti ýmsa sem ég hafi kynnst í farfuglaheimilinu og orðið kunningjar mínir. Það komu líka margir af þessum farfuglum heima í Ás og systkini mín köllum heimilið í Ási Hótel Gunnu. Ég man að mamma þurfti stundum að setja pottinn á borðið því hún átti ekki nógu stóra skál einkum þegar 10 eða 12 manns frá farfuglaheimilinu komu til okkar eftir að því hafði verið lokað."

Gerðist skólastjóri á Hallormsstað

Guðrún réðst sem skólastjóri við Húsmæðraskólann á Hallormsstað 1962 þá aðeins 22. ára gömul. „Ég var dálítið kvíðin að taka þetta að mér því ég hafði þá aldrei verið í húsmæðraskóla og aldrei í sveit að vetri til. Vinkona mín lét til leiðast að koma með mér austur. Hún kenndi matreiðslu en ég var skólastjóri. Húsmæðraskólinn á Hallormsstað var tveggja vetra skóli – bæði yngri og eldri deild. Ástæða þess var að margar stúlkur kom í skólann eftir fullnaðarpróf úr barnaskóla en höfðu enga framhaldsmenntun. Þær sem komu með gagnfræðapróf slepptu yngri deildinni þar þar var kennd undirstaða í íslensku, stærðfræði og dönsku svo nokkuð sé nefnt. Þetta var svona blanda af alþýðuskóla og húsmæðraskóla."

Frá Möðruvöllum til Mælifells og úr Jónshúsi að Prestbakka

„Svo kynntist sér Ágústi. Hann var við nám í guðfræði og við dönsuðum saman veturinn þegar ég var í Húsmæðraskólanum í Reykjavík. Hann dansaði vel. Var ekta herra en við vorum ekkert að flýta okkur því mig langaði að ferðast áður en ég færi í hjónaband og heimilishald. Við trúlofuðum og okkur, svo bað hann mín svo með formlegum hætti og við giftum okkur svo 1965 og fórum norður í Möðruvelli þar sem Ágúst hafði verið kosinn prestur í prestakalli sem faðir hans séra Sigurður Stefánsson vígslubiskup hafði þjónað um um áratugi. Við ílengdustum þó ekki þar en Ágúst fékk á sama ári veitingu fyrir Vallarnesi á Fljótsdalshéraði þar sem við áttum nokkur góð ár. Við bjuggum síðan á nokkrum stöðum þar sem Ágúst sinnti prestskap. Í Ólafsvík um tíma en lengst af á Mælifelli í Skagafirði. Við dvöldum einnig í nokkur ár í Jónshúsi í Kaupmannahöfn. Vorum í fríi frá Mælifelli en héldum lögheimilinu þar á meðan vegna þess að við vildum láta sveitina njóta útsvarsins okkar en ekki Kaupmannahöfn. Mér finnst allt í lagi að lofa því að koma fram. Ágúst lauk síðan prestsskap sínum á Prestbakka við Hrútafjörð. Ég hef farið í smá hringi í Vesturbænum í lífinu. Byrjaði á Sólvallagötu og endaði á Hagamel. Það er ekki löng leið en í millitíðinni hef ég farið víða um landið og til ýmissa landa." Hér verður að setja punktinn aftan við frásögn Guðrúnar – að minnsta kosti að sinni en með haustinu mun næsta bindi æviminninga hennar kom út og ef allt gengur eftir á hún eftir að skrifa þriðju bókina um viðburðaríka ævi sína.

BIKE CAVE
Einarsnesi 36 • 101 RVK
Opið alla daga 9-23
www.bikecave.is • Erum á Facebook
Sími: 770-3113
Sumir segja að vöfflurnar hennar ömmu Siggu í Bike Cave séu þær bestu í Norður-Atlantshafi.
Það er þitt að meta það svo við hvetjum þig til að líta við.
Frábært verð á öllum mat og kaffi.
Verið velkomin í Bike Cave.

BERNHÖFTSBAKARÍ STOFNAÐ 1834 KONDITORÍ
Öll rúnstykki á
80 kr. stk
DEUTSCHER KONDITORENBUND DKB
KONDITOR SAMBAND ÍSLANDS
Fagmenska tryggir gæðin
Bergstaðastræti 13 - 101 Reykjavík - Sími 551 3083 - www.bernhoftsbakari.is

Björgvin Þór ráðinn skólastjóri Melaskóla

Björgvin Þór Þórhallsson hefur auk kennaranáms lokið 90 ECTS einingum í meistaranámi í stjórnunarfræði menntastofnana og er með diplómu í tölvu- og upplýsingatækni.

Hann hefur víðtæka reynslu af skólastarfi og hefur starfað sem grunnskólakennari, aðstoðarskólastjóri og skólastjóri, síðast við Klébergsskóla á Kjalarnesi.

Björgvin boðinn velkominn til starfa í Melaskóla.

Stóra upplestrarkeppnin í Vesturbæjarskóla

Beinhildur von Sköflungur kom við sögu og nuddaði hún kjúkur af tilhlökkun vegna stóra upplestrardagsins í Vesturbæjarskóla. Nemendur í 7. bekk voru önnum kafnir við undirbúning keppninnar sem fram fór í skólanum í mars.

Nemendur völdu sér ljóð og fengu bókmenntatexta til að æfa sig á og lesa. Hefð er fyrir því að utanaðkomandi aðili sé fenginn til dómgæslu í skólakeppninni. Þær Ingunn, Lára og Sigga Nanna voru svo ljónheppnar að hafa hendur í hári eins fremsta framsagnarsérfræðings á landinu, og þó víðar væri leitað Beinhildur von Sköflungar.

Á myndinni má sjá Beinhildi hitta kennarana, kanna aðstæður og hljómburð í Vesturbæjarskóla.

Landsbankinn vill byggja við hlið Hörpu

Enn er það niðurstaða bankaráðs Landsbankans að besti kosturinn varðandi húsnæðisvanda bankans sé að flytja í nýja byggingu á Austurhöfn. Ráðgjafar hafa yfirfarið fyrri útreikninga bankaráðs og var þetta einnig niðurstaða þeirra. Þetta er meðal þess sem fram kom í ávarpi Tryggva Pálssonar, formanns bankaráðs, frá aðalfundi Landsbankans sem haldin var nýlega.

Tryggvi sagði að áður en næstu skref verði tekin þurfi hins vegar að liggja fyrir að stærsti hluthafinn, þ.e. íslenska ríkið, setji sig ekki upp á móti slíkum áformum. Hugmyndin um að byggja yfir starfsemi bankans í Austurhöfn mætti talsverðri andstöðu í þjóðfélaginu eins og vill verða um stórar byggingarframkvæmdir og vildi bankaráðið taka tillit til þeirra sjónarmiða sem fram komu. Bankinn lét því ráðgjafa yfirfara fyrri útreikninga og skoða nokkrar nýjar staðsetningar en komist var að þeirri niðurstöðu að hagkvæmast væri fyrir Landsbankann að byggja nýjar höfuðstöðvar á lóð bankans í Austurhöfninni fyrir sunnan Hörpu."

Nýbyggingin verður að taka mið af heildarmynd Austurhafnar. Teikningin sýnir staðsetningu, byggingarmagn, afstöðu og hæðartakmarkanir en ekki hvernig nýbyggingin mun líta út.

Steinunn Arnþrúður skipuð í Neskirkju

Biskup Íslands hefur ákveðið að skipa séra Steinunni Arnþrúði Björnsdóttur í embætti prests í Nesprestakalli í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra.

Frestur til að sækja um embættið rann út 14. mars síðastliðinn. Sjö umsækjendur sóttu um embættið, sem var veitt frá 1. apríl sl. Steinunn var áður prestur í Hjallasókn í Kópavogi.

Fjölskyldudagur í Gróttu

Laugardaginn 30. apríl kl. 15.30-17.30

Lolla trúbador flytur vel valin lög og gamanmál
Harmonikkuleikarinn Flemming Viðar leikur af sinni alkunnu snilld
Vitinn verður opinn og hægt að fara upp á topp
Flugdrekasmiðja undir stjórn Ásdísar Kalman
Líffræðingar skoða sjávardýr með börnum í nýjum víðsjám
Rjúkandi vöfflukaffi
Andlitsmálun
Krakka- og fjölskyldujóga
Sýning á meistarahönnun Sigurjóns Pálssonar á fuglum og hvölum
Ljósmyndakeppni - veitt eru verðlaun fyrir frumlegustu myndina sem tekin er ofan úr vitanum
Ofurmenni úr Kite Surfing félaginu leika listir sínar ef veður og vindátt leyfir

Tilvalið er að taka með sér fötur, skóflur og poka og safna dýrgripum úr fjörunni.
Félagar úr Björgunarsveitinni Ársæli munu sjá um að ferja fótafúna yfir eiðið. **Allir velkomnir!**

Myndlistarmaðurinn og Seltirningurinn Guðrún Einarsdóttir mun opna málverkasýningu í sýningarrýminu í Nesi (áður fyrirhuguðu Lækningaminjasafni) kl. 13 þennan sama dag. Sýningin stendur til 16. maí og verður opin daglega frá kl. 13-17.

SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is

BORGARBÓKASAFNIÐ
MENNINGARHÚS

Bókaverðlaun barnanna | Afhending

Borgarbókasafnið | Menningarhús Grófinni
Fimmtudaginn 21. apríl kl. 16.30
Allir velkomnir

Á sumardaginn fyrsta afhendir Jón Víðis töframaður Bókaverðlaun barnanna.
Á verðlaunahátíðinni verða höfundi og þýðanda veitt verðlaun og nokkur börn sem tóku þátt í kosningunni fá líka viðurkenningu.
Jón Víðis mun síðan fremja nokkur vel valin töfrabrögð fyrir gesti.

Viðburðurinn er á dagskrá Barnamenningarhátíðar 2016

BORGARBÓKASAFNIÐ
MENNINGARHÚS GRÓFINNI
Tryggvagötu 15
sími 411 6100
borgarbokasafn.is
Opið: Mán-fim 10-19
Fös 11-18
Lau -sun 13-17

Guðrún Kaldal í Frostaskjóli

Fyrirmyndarstjórnandi hjá Reykjavíkurborg

Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Frostaskjóls, varð þess heiðurs aðnjótandi að fá stjórnunarverðlaun Stjórnvísi í flokknum millistjórnandi ársins 2016. Einnig voru veitt verðlaun í flokknum frumkvöðull ársins, en þau hlaut Þorbjörg Jensdóttir, framkvæmdastjóri IceMedico ehf., og viðurkenningu í flokki yfirstjórnenda hlaut Finnur Oddsson, forstjóri Nýherja.

Guðrún Kaldal hefur verið í starfi sínu frá árinu 1997. Á þeim árum hefur rekstur Frostaskjóls farið úr því að vera félagsmiðstöð fyrir unglinga í að verða frístundamiðstöð með margar starfseiningar. Frostaskjól var brautryðjandi í að breyta því sem áður var kallað „heilsdagsskóli“ yfir í að verða frístundaheimili. Við þetta breyttist innra starf mjög mikið og samstarf við tómstundaðila í hverfinu var stóraukið til að samþætta vinnudag barna með því að færa tómstundir inn í vinnudaginn. Frostaskjól hefur náð mjög góðum árangri í vinnustaðakönnun Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og hefur hlotið titilinn „Stofnun ársins“ árið 2015 og 2013 og var í 2. sæti 2014. Einnig hefur Frostaskjól verið „Fyrirmyndarstofnun“ í fjögur skipti.

Safnfrístundaheimili frá 2010

Undir stjórn Guðrúnar var stofnað það sem kallað er „safnfrístundaheimili“ árið 2010 en í því felst meiri stígandi og aldursskipting. Nú eru önnur hverfi að taka upp sambærilegt kerfi. Hún var einnig í forystu fyrir Vesturbæjarfléttuna, sem er samráð grunnskóla, leikskóla og frístundamiðstöðva í Vesturbæ. Í þessu felst m.a. sameiginlegur starfsdagur og stóraukið samstarf þeirra er koma að uppeldisumhverfi barna í Vesturbæ. Verkefnið hefur hlotið athygli annarra sveitarfélaga og verið kynnt á samnorrænum ráðstefnum.

Guðrún Kaldal veitir viðurkenningunni viðtöku úr hendi forseta Íslands.

Í dómnefndaráliti segir um verðlaunahafann Guðrúnu Kaldal: „Hún er fyrirmyndar stjórnandi. Hún hvetur og aðstoðar starfsmenn til að fylgja hugmyndum sínum eftir og láta góðar hugmyndir verða að veruleika“. Í tilnefningu frá samstarfsmönnum sagði orðrétt: „Við starfsmenn höfum oft staðið frammi fyrir erfiðum málum sem þarfnast skjótrar úrlausnar við og hefur hún ávallt aðstoðað og hvatt okkur áfram og komið með góðar hugmyndir.“

Skrúður & Mímisbar

HAPPY HOUR
ALLA DAGA 16.00–18.00

Á Mímisbar er gott að tylla sér niður í góðra vina hóp, spjalla, vinna verkefni eða slaka á yfir drykk.

Vertu vinur okkar á facebook og fylgstu með viðburðum á döfinni, lifandi tónlist og öðru skemmtilegu.

Matseðill með úrvali af réttum í boði alla daga frá 12.00–22.00 á Mímisbar og í Skrúði.

FRÍTT
WiFi

www.facebook.com/skrudur
www.hotelsaga.is

Landakotsskóli sendi þrjá nemendur

Landakotsskóli átti þrjá nemendur meðal tíu efstu í 8. bekk og 10. bekk í árlegri stærðfræðikeppni sem Menntaskólinn í Reykjavík stendur fyrir. Alls tóku um 500 nemendur þátt úr 8., 9. og 10. bekkjum grunnskóla Reykjavíkur.

Nemendur Landskotsskóla voru voru þeir Kári Ingvi Pálsson úr 8. bekk sem var í 7. sæti í sínum flokki, Hubert Piotr Czurylo sem var í 9. - 10 . sæti og Freyr Hlynsson sem var í 7. sæti, báðir úr 10. bekk. Þetta verður að teljast býsna góður árangur fyrir svona lítinn skóla.

HAMBORGARA Búllan
Geirsgata 1 • Sími 511 1888
Gómsæti í göngufæri

Vesturbæjarbiskupinn í Hagaskóla í dag

Þátttakendur í síðasta Vesturbæjarbiskupi.

Skákmótið Vesturbæjarbiskupinn verður haldið í Hagaskóla í dag 20. apríl.

Mótið hefur verið haldið nokkru sinnum áður og er alltaf að verða vinsælla með hverju árinu. Og þá er bara fyrir skákáhugafólk að drífa sig í Hagaskóla og fylgjast með.

Blái dagurinn í Vesturbæjarskóla

Bláklæddir krakkar í Vesturbæjarskóla á Bláa deginum.

Flestir nemendur Vesturbæjarskóla klæddust bláu á Bláa deginum sem haldinn er til stuðnings börnum með einhverfu en hann er jafnan haldinn 1. apríl.

Blái dagurinn er alþjóðlegur dagur einhverfunnar. Markmið bláa dagsins er að vekja athygli á einhverfu og hvaða áskoranir einhverfir glíma við á degi hverjum. Það er okkar trú að með aukinni vitund og þekkingu byggjum við upp samfélag sem er betur í stakk búið til að skilja þarfir einhverfra og virða framlag þeirra til samfélagsins.

Vesturbæjarblaðið
www.borgarblod.is

SUMARDAGURINN FYRSTI
HÁTÍÐ Í VESTURBÆ 21. APRÍL 2016

KL.09:30 - 10:30 Bjartsýnisbusl í **Vesturbæjarlaug** í boði **Neskirkju** og **Vesturbæjarlaugar**

KL.10:00 - 11:00 Hólavallagarður - **Heimir B. Janusarson** garðyrkjumaður leiðir göngu um kirkjugarðinn

KL.11:15 Skrúðganga frá **Melaskóla** að **Frostaskjóli**. **Skólahljómsveit Austurbæjar** og **Ægisbúar** leiða gönguna

KL.11:30 - 13:00 **Fjölskylduhátíð við Frostaskjól**
Skemmtidagskrá á plani við Frostaskjól og í íþróttasal KR

KL.11:30 **Sverrir Bollason**, formaður **Hverfisráðs Vesturbæjar** setur hátíðina

KL.11:30 **Hjólaleikfélagið** setur upp þrautabraut og sýnir hjólaleikni

KL.11:30 - 13:30 **Dr. Bike** býður uppá hjólaskoðun

KL.11:35 Tónlistaratriði úr **Frosta - Ágúst Beinteinn og Grettir Valsson**

KL.11:45 **Alda Dís** tekur lagið

KL.12:00 Dansatriði úr félagsmiðstöðinni **Frosta**

KL.12:10 Tónlistaratriði úr **Frostheimum - Gauti Einarsson**

KL.12:20 Tónlistaratriði - Sigurvegari ***Rófunnar***, **Una Barkardóttir** tekur lagið

KL.12:30 Töframaðurinn **Töfrúlfurinn**

HOPPUKASTALAR - ÞRAUTABRAUTIR - VEITINGASALA - KANDÝFLOSS - KASSAKLIFUR - FLÓAMARKAÐUR

Reykjavíkurborg Skóla- og frístundasvið
ÍR
FROSTASKJÓL
Reykjavíkurborg Þjónustumiðstöð Vesturbæjar

Mannréttindavika í Frostaskjóli

Heil vika var helguð mannréttindafræðslu í frístundamiðstöðinni Frostaskjóli í febrúar. Mikið fjör var þessa daga og auðsýnilegt að börn og unglingar höfðu áhuga á að fræðast um réttindi sín og samfélög þar sem mannréttindi eru ekki virt.

Á undanförnum árum hafa starfseiningar Frostaskjóls helgað einni viku í febrúar sérstakri fræðslu í mannréttindum, með áherslu á jöfnuð og lýðræði. Börn og unglingar hafa unnið alls konar skemmtileg verkefni og farið í leiki tengda mannréttindum og samvinnu. Tjáningar- og mótmælaréttur barnanna er hafður að leiðarljósi þessa viku, með áherslu að læra í gegnum upplifun og leik.

Mikið fjör var á stöðunum. Börnin í frístundaheimilunum reyndu til að mynda í sameiningu að bjarga heilli þjóð með því að færa geislavirka flösku af sprengjusvæði og prófuðu að halda af stað í stríð þar sem eina lausnin á friði var að tala saman og hlusta hvert á annað. Einræðisherrar frístundaheimilanna tóku einnig til sín einn daginn, en þá voru börnin svipt vali sínu og sett á svæði sem herranum hentaði. Uppi varð fótur og fit – og börnin hvött til að mótmæla yfirvaldinu, sem sat fast á sínu og hafði engan áhuga á barnalýðræði. Ljósmyndamaraþon, sögustundir, plakatagerð, söngur og margt annað einkenndi vikuna og var hún því sérlega vel heppnuð. Í félagsmiðstöðinni var mannréttindakaffihús og þau horfðu á margskonar efni um mannréttindi og skort á mannréttindum. Börn og unglingar tóku með sér gott veganesti inní framtíð lýðræðis og jöfnuðar og eru betur upplýst um mannréttindi og hvað þau geta gert til að auka þau.

Þessar myndir voru teknar í mannréttindaviku Frostaskjóls.

Grænir skátar
– gefðu okkur tækifæri!
Söfnunarkassar í Vesturbænum eru m.a. við:
Sundlaugina • Shell • Skátaheimili

Börnin á frístundaheimilum Frostaskjóls afla fjár fyrir UNICEF

Í síðasta mánuði var árlegt fræðslu- og fjáröflunarverkefni í frístundaheimilum Frostaskjóls þar sem börnunum gafst tækifæri til að kynnast aðstæðum jafnaldra sinna í öðrum heimshlutum.

Markmið verkefnisins síðustu ára hefur verið að fræða þau um lífskjör barna víða um heim og leggja sitt af mörkum til að bæta þau. Í ár var meðal annars sett upp þrautabraut á öllum frístundaheimilunum í Vesturbæ og söfnuðu börnin áheitum hjá ættingjum og vinum gegn því að hreyfa sig og leysa skemmtilegar þrautir. Ávinningurinn rennur óskiptur til Barnahjálpar Unicef.

Vesturbæjarblaðið
AUGLÝSINGASÍMI
511 1188
borgarblod@simnet.is

www.n1.is facebook.com/enneinn

Cooper Zeon 4XS Sport

Henta undir fjórhjóladrifna jeppann þinn.

Mjúk og hljóðlát í akstri.

Veita góða aksturseiginleika og gott grip á þurrum og blautum vegi.

Cooper Zeon CS8

Afburða veggrip og stutt hemlunarvegarlengd.

Einstaklega orkusparandi.

Hljóðlát með góða vatnslosun.

Cooper AT3

Frábær alhliða heilsársdekk sem virka vel á vegum og vegleysum.

Hljóðlát og mjúk í akstri.

Hjólbarðaþjónusta N1

Bíldshöfða	440-1318	Langatanga Mosfellsbæ	440-1378	**Opið**	
Fellsmúla	440-1322	Reykjavíkurvegi Hafnarfirði	440-1374	mán – fös	kl. 08-18
Réttarhálsi	440-1326	Grænásbraut Reykjanesbæ	440-1372	laugardaga	kl. 09-13
Ægisíðu	440-1320	Dalbraut Akranesi	440-1394	**www.n1.is**	

Hluti af vorinu N1

Bernskuminningar úr Vesturbænum

Anna Laufey Sigurðardóttir rifjar Vesturbæjarbernskuna upp að þessu sinni. Anna Laufey ólst upp í stórum systkinahóp á Víðimel 25. Eiginmaður Önnu Laufeyjar var Birgir Þórisson en hann lést fyrir um ári.

Melarnir voru nafli alheimsins

Húsið á Víðimel 25 er mér minnisstæðast úr bernsku. Það er húsið sem afi minn og faðir byggðu og stórfjölskyldan bjó í áratugum saman og ég bjó þar frá fæðingu þar til ég var 33 ára gömul. Ég stofnaði mína fjölskyldu í kjallaranum á Víðimel og bjó þar í nokkur ár eftir að pabbi og manna fluttu í annað hverfi. Í húsinu voru vinnukonuherbergi, en afi og amma og svo pabbi og mamma voru gjarnan með vinnukonur sem bjuggu þá á neðstu hæðinni, sumar erlendar. Mér fannst ég ekki kunna að búa annars staðar, leið eins og ég myndi aldrei fara þaðan en svo kom að því. það var dásamlegt að alast upp í stórum systkinahóp.

Við áttum líka öll vini á svipuðum aldri þannig að oft gat hópurinn orðið ansi stór og mikið fjör. Stórar fjölskyldur voru líka margar á Melunum og bestu æskuvinkonur mínar voru Kolbrún Lind Steingrímsdóttir, ein af sjö systrum, og Anna Sigríður Magnúsdóttir en pabbi hennar var Magnús bakari í Björnsbakaríi á Hringbrautinni.

Þórbergur kom að reka okkur af grasflötinni

Auða svæðið á milli Víðimels og blokkanna við Hringbraut var stórkostlegt skautasvell. Ef snjóaði og þiðnaði svo örlítið, eins og oft gerðist á veturna, þá myndaðist þar gott svell og við þurftum ekkert að fara niður á Tjörn til þess að skauta. Við lékum okkur líka oft þarna á sumrin og ég man vel eftir því þegar Þórbergur Þórðarson, rithöfundur, sem bjó við Hringbrautina kom til þess að reka okkur í burtu. Við vissum reyndar að Þorbergi var ekki illa við okkur en Margrét kona hans vildi ekki að krakkar væru að leika sér á grasinu og sendi hann út til þess segja okkur að fara. Við vorum ekki að gera neitt af okkur en fórum í ýmsa hefðbundna leiki og spiluðum meðal annars rugby. Fyrir okkur krakkana voru Melarnir nafli alheimsins. Melaskólinn var miðdepill og með skólagöngunni víkkaði sjóndeildarhringurinn talsvert. Við bættust fleiri vinkonur sem allar ólust upp á Melunum. Þær voru Helga Guðrún Johnson, Steinunn Ásmundsdóttir, Valgerður Geirsdóttir, Sigrún Sigvaldadóttir, Elín Kristmundsdóttir, Guðrún Björk Kristmundsdóttir, Margrét Pétursdóttir og Guðrún Helga Arnarsdóttir sem er látin. Í þessum hópi voru einnig Sólveig Jóhannesdóttir og Guðrún Helga Svansdóttir. Fleiri slógust í lið með okkur í Hagaskóla. Þaðan lá leiðin í Versló enda verslunarmennskan í blóðinu og eldri systkini mín höfðu farið þá leið, en stúdentsprófið kláraði ég frá Kvennaskólanum. Við vinkonurnar héldum til í Vesturbæjarlaug, KR-heimilinu og félagsmiðstöðinni að Hagamel 10, en þar bjó Steinunn vinkona. Þar var oft talað um okkur stöllurnar sem munaðarleysingjana. Þarna voru okkar höfuðstöðvar, Ziggy Stardust var okkar maður. Bowie í botni og stundum þótti nágrönnunum nóg um. Vængir í hárinu og herðapúðar og stemmningin eins og í laginu góða: „Ég fer í ljós þrisvar í viku og mæti reglulega í líkamsrækt, fer í Hollywood um helgar " ... en við vorum með gloss í vasanum en ekki myndir af bílum. Það má geta þess til gamans að ég aldi börnin mín meira og minna upp í sundi og hitti þá mömmu regluleg í Vesturbæjarlauginni. Nú hafa Hanna Kristín dóttir mín og Árni Geir maðurinn hennar hafið sama leik með dóttur sína hana Örk.

Bændurnir vildu ekki keyra í Reykjavík

Sölumennskan bjó í mér og eftir skóla fór ég að vinna hjá Bifreiðum og Landbúnaðarvélum. Faðir minn og Guðmundur Gíslason, stofnandi B&L, voru bestu vinir og það hefur eflaust ráðið einhverju um starfsval mitt en mér leist ekkert illa á að fara að selja. Ég seldi meðal annars Lödubíla sem Guðmundur flutti inn og ég man vel þegar Lada Sport, jepplingurinn. kom á markað Bændur sóttust talsvert eftir honum. Eitt af því sem maður þurfti að gera í sölumennskunni var að aka þeim upp á Ártúnshöfða því bændurnir vildu helst ekki þurfa að keyra í Reykjavík. Þetta virtist vera nokkuð landlægt sjónarmið á landsbyggðinni á þeim tíma.

Giftist inn í skíðafjölskyldu

Þótt bílasalan ætti ágætlega við mig þá átti ekki fyrir mér að liggja að gera hana að ævistarfi. Ég vann við eitt og annað á námsárunum, í Japis og sem flugfreyja, en svo lá leiðin til Bandaríkjanna, nánar tiltekið til Houston í Texas, en þar hóf ég nám í kírópraktorsfræðum. En það kom að því að ég fékk nóg af Texas og dreif mig þótt náminu væri ekki lokið. Ætli ég hafi ekki farið heim líka af því að mig langaði að stofna mína fjölskyldu á Íslandi. Og það gekk eftir. Eiginmaður minn var Birgir H. Þórisson. Hann kom reyndar ekki úr Vesturbænum eins og ég en við kynntumst í gegnum KR þar sem við stunduðum

Systkinahópurinn ásamt foreldrum sínum. Frá vinstri: Dóra, Sigrún, Egill Þór, Anna Laufey og Inga. Fyrir framan þau eru Sigurður H. Egilsson og Sigríður Þorláksdóttir Bjarnar.

bæði skíðaíþróttina. Hann var af skíðafólki kominn. Faðir hans er Þórir Jónsson sem lengi var kenndur við Ford þar sem að hann stýrði því bílaumboði. Þórir var og er mikill skíðamaður, keppti meðal annars á ólympíuleikum í St. Moritz 1948 og var lengi mjög öflugur í félagsmálum fyrir skíðahreyfinguna og þá sérstaklega KR. Eiginmaður minn, Birgir, lést fyrir einu og hálfu ári eftir skammvinn veikindi og við, ég og börnin, erum enn að læra að lifa með því áfalli sem fjölskyldan varð fyrir. Birgir var alla tíð mikill íþróttamaður og íþróttaunnandi. Hann keppti til margra ára á skíðum fyrir skíðadeild KR og var einn af hörðustu stuðningsmönnum KR. Uppbygging skíðasvæðis KR-inga í Skálafelli var honum hugleikin auk þess sem hann var mjög virkur í félagsstörfum. Hann stundaði einnig sund á hverjum degi og var kylfingur í frístundum. Við fráfall hans umturnaðist líf okkar og þá fann ég svo sterkt hve heppin ég er að eiga alltumvefjandi systkini og einstaka vini sem hafa verið til staðar og veitt okkur svo ómetanlegan stuðning.

Skíðaáhuginn tengdi okkur saman

Segja má að íþróttaáhuginn hafi tengt okkur saman. Ég hafði keppt í sundi, keppti í handbolta og stundað körfubolta með KR. Ég fór aldrei í fótboltann en ég man að við löbbuðum af stað nokkrar stelpur af Melunum til að leita að þjálfara eða einhverjum sem gæti þjálfað okkur aðeins í fótbolta, að ekki væri minnst á fótboltaæfingar. Það fannst enginn þjálfari í þessum leiðöngrum og fljótlega rauk fótboltaáhuginn út í veður og vind ef hann hafði þá verið til staðar. Ég held að ómæld hreyfiþörf hafi rekið mig áfram í íþróttunum. Mamma stundaði íþróttir og fór með okkur systkinin í sund á virkum dögum en pabbi fór með okkar um helgar ef hann var ekki að vinna. Mér hefur alltaf þótt gaman í sundi og ég man þegar við Helga Guðrún vorum litlar skottur og ekki með aldur til að fara fylgdarlausar í sundið þá sátum við fyrir Þórði Eydal, tannlækni, þegar hann var að koma úr skokkinu og fengum að fylgja honum í laugina. Hann lék leikritið með okkur og mér hefur alltaf verið hlýtt til hans fyrir vikið. En svo voru það skíðin. Það var Þorsteinn Bjarnar móðurbróðir minn og síðasti mjólkurpósturinn okkar Reykvíkinga sem plantaði skíðabakteríunni í okkur systkinin en hann sá um að koma okkur upp í fjall og á skíðin. Þetta hefur verið fjölskyldusport hjá okkur öllum systkinunum og eftir að ég giftist inn í skíðafjölskyldu óx sá áhugi enn frekar.

Hvað er fallegra en skíðabrekkur í sól og snjó?

Nýlega lét ég af formennsku í skíðadeild KR en þar hef ég leitt skíðastarfið síðastliðin átta ár. Þegar ég tók við formennsku voru strákarnir okkar báðir að æfa með deildinni. og við áttum ótal gæðastund þegar við keyrðum guttana upp í Bláfjöll á æfingar. Birgir studdi mig mjög vel í formannsstarfinu eins og öðru sem ég tók mér fyrir hendur. Hann kunni því vel að vera í bakvarðarsveit og þurfti ekki á því að halda sér væri hampað eða þakkað en gladdist þegar aðrir fengu hrós. Skíðaáhuginn vék aldrei frá honum og í veikindunum lét hann sig dreyma um að fara með börnunum og barnabörnunum á skíði. Það var yndislegt að fara með fjölskylduna á skíði, að spjalla saman í bílnum á leiðinni og eiga þetta áhugamál öll saman. Skíðaíþróttin er svo mikið fjölskyldusport þar sem þrjár og jafnvel fjórar kynslóðir njóta útvistar og íþrótta um leið. Það er svo margt gott við þetta. Fjallaloftið og útsýnið. Hvað er fallegra en fannhvítar skíðabrekkur í glampandi sól? Það er magnað að horfa yfir Eyjafjörðinn úr Hlíðarfjalli eða af Böggvisstaðafjalli fyrir ofan Dalvík á drifhvítan Kaldakinn. Þá sér maður landið sitt frá öðru sjónarhorni og upplifir svo mikinn galdur. Og þá er ég nú ekki einu sinni farin að ræða útsýnið af Skálafelli. Eigum við að tala um það? Öll Þingvallasveitin blasir við og hún er á sjálfri heimsminjaskrá UNESCO. Þaðan sést líka Hvalfjörður og Baulutindur á góðum degi, Snæfellsjökull, Langjökull, Eiríksjökull og, segi ég og skrifa, alla leiðina norður að Tröllasaga. . Af Skálafellinu sést líka austur að Bárðarbungu, þaðan glittir í Tindafjöllin, Eyjafjallajökul og Fimmvörðuháls. Auðvitað sést Hekla þaðan og Torfajökull, Mýrdalsjökull

Anna Laufey og Birgir ásamt börnum sínum þremur þeim Hönnu Kristínu, Sigurði Helga og Egil Snæ.

Víðimelur 25. Húsið sem afi Önnu Laufeyjar og faðir byggðu og var heimili hennar fram eftir öllum aldri.

Þessar gripu mig í áfallinu og hafa haldið mér uppi síðan ég missti Bigga: Frá vinstri Steinunn Ásmundsdóttir (frænka í tvo ættliði) Sigrún M. Sigvaldadóttir, Valgerður Geirsdóttir, Elín Steiney Kristmundsdóttir, Anna Laufey og Guðrún Björk Kristmundsdóttir.

og Hofsjökull. Og náttúrlega allt suðurlandsundirlendið og Reykjanesskagi. Já já, af Skálafelli er mesta útsýnið af öllu landinu frá einum stað, enda var Landssímamastrinu valinn þarna staður á sínum tíma. Eina páska náðum við Birgir að skíða með krökkunum í 10 daga samfleytt á Akureyri, Dalvík, Siglufirði og svo á Tindastóli á heimleið. Þegar við rúlluðum suður veltum við því fyrir okkur hvað fólk gerði alla páska, allt þetta fólk sem fer ekki á skíði. Við höfum farið víða á skíði, vestur til Bandaríkjanna og til Evrópu. Það kom fyrir á haustin að skíðadeildin stóð fyrir æfingum í sérstöku skíðahúsi í Hollandi og eitt sinn fór ég með. Húsið er í bænum Landgraaf og brekkan er byggð eins og háhýsi utan í litla hæð. Þarna vorum við í frosti, skammdegi og vetrarhörkum innandyra og krakkarnir æfðu stíft tvisvar á dag. Svo var það einn daginn að ég og vinkona mín uppgötvuðum að það var þetta fallega, hlýja haust fyrir utan þennan risavaxna frystiklefa og eftir það vorum við nú bara að hjóla í skóginum. Annars hef ég ekki oft sleppt skíðadögum ef þeir bjóðast.

Ekta Vesturbæingur

Ég er ekta Vesturbæingur og KR-ingur þótt ég hafi flutt mig aðeins um set og búi nú í Skerjó. Ég hef alla tíð unnið við bókhald og rekstur fyrirtækja í eigu okkar hjóna, gerði það í hartnær þrjátíu ár. Það var lærdómsríkur tími, en nú er brotið blað. Nú er ég sest á skólabekkinn og stunda nám í fasteignaviðskiptum við Endurmenntun Háskóla Íslands og les til löggildingarprófs. Hvað ég geri svo kemur í ljós og allt er opið og framtíðin björt. Þegar ég lít til baka til æsku minnar og líka til uppvaxtar barna minna þá finn ég svo sterkt hvað íþróttastarf skiptir miklu máli fyrir börn og unglinga. Það er ekki bara íþróttastarfið sjálft sem vegur svo þungt, heldur ekki síður félagsskapurinn og vinaböndin sem verða til. Þetta á við um allar íþróttir þótt skíðin hafi það fram yfir ýmsar aðrar greina að vera fjölskyldusport þar sem fjölskyldan nýtur sín saman og það höfum við svo sannarlega gert.

Hvað gera íþróttir fyrir unga fólkið

Ég hef stundum velt því fyrir mér hvað íþróttirnar gera fyrir unga fólkið. Íþróttaiðkunin kennir þeim sjálfstæði, eykur víðsýni og þau lenda síður í vandræðum. Svo öðlast krakkar félagsþroska í góðu tómstundastarfi. Fyrir okkur var þetta meira en fjölskyldusport. Margir vina Birgis eru virkir í skíðadeild KR og þetta var okkur ekkert síður félagsstarf en skíðamennska þótt það blandaðist auðvitað saman. Ég hef hins vegar áhyggjur af aðstöðu okkar höfuðborgarbúa til þess að stunda skíðaíþróttina og almenna skíðamennsku. Skíðasvæði okkar Reykvíkinga, Bláfjöll og Skálafell eru ágæt upp að vissu marki, en þar hafa aðstæður lítið breyst og þróast sorglega hægt frá upphafi og jafnvel orðið afturför á skíðasvæðunum í stað uppbyggingar. Á hvorugum staðnum er snjóframleiðsla til staðar. Um leið er löngu farið að framleiða snjó á öllum skíðasvæðunum á landsbyggðinni þar sem lítil og oft á tíðum félítil sveitarfélög standa þó mynduglega að baki. Þannig fer margt skíðaáhugafólk út á land til að skíða frekar en að stóla á skíðasvæðin sunnan heiða sem yfirfyllast á góðum dögum og anna því ekki að þjónusta höfuðborgarbúa. Ef svipað ástand væri í íþrótta- og sundhöllum höfuðborgarsvæðisins þá væri strax gripið til aðgerða. Möguleikar til uppbyggingar í Skálafelli eru endalausir og tækifærin liggja víða á því einstaka svæði. Erlendir stórmeistarar hafa undrast að ekki skuli vera komnar lyftur í norðurhlið Skálafells. Þar býr draumur okkar skíðamanna í KR og við köllum svæðið Shangrila.. Ég er staðráðin í að lifa þann dag að sitja þar í góðri stólalyftu. Og talandi um stólalyftu þá er löngu orðið tímabært að endurnýja lyftukostinn í Skálafelli. Í Bláfjöllum er verið að loka Framsvæðinu í stað þess að efla það og viðhalda. Æfingaaðstaða fyrir skíðamennina okkar er hættulega þröng og alls staðar kemur maður auga á fjársvelti og áhugaleysi þeirra sem stjórna. Það er magnað hversu vel starfsmenn á svæðinu hafa þó haldið á spilum, miðað við aðstæður. Draumur okkar skíðamanna býr líka í hlíðum Úlfarsfells, en þar langar okkur að reisa skíðahús með veitingahúsi á toppi, gistiaðstöðu og æfingaaðstöðu fyrir innlenda og erlenda keppendur, sem og almenning að njóta. Þetta hefur lengi legið á teikniborðinu og vantar bara fjárfesta með stóra sýn um leið og Ísland stækkar sem ferðamannaland. Eftir formennsku um árabil í skíðadeild KR og stjórnarsetu í Skíðasambandi Íslands og langan feril sem skíðamamma þá finnst mér ég hafa dágóða yfirsýn yfir þetta svið íþróttanna. Uppbygging skíðasvæðanna hefur verið baráttumál mitt og verður það sennilega út lífið. Ég veit allt um það hvað boltinn er mikilvægur fyrir börnin, en útivistin og fjallamennskan er okkur Íslendingum í blóð borin og við eigum að leggja ofuráherslu á að ala börnin okkar upp við vetraríþróttir í þessu landi. Þannig eru skíðin ekki jaðaríþrótt heldur jarðtenging og nauðsynlegur grunnur fyrir börn og fjölskyldur í vetrarríkinu Íslandi.

Sjøfn Har sýnir í Gallerí Vest

Litir og form nefnist listsýning sem Sjøfn Har opnaði í Gallerí Vest við Hagamel 67 laugardaginn 9. apríl og stendur sýningin yfir til 1. maí nk. Sjøfn Har er löngu kunnur myndlistarmaður og hefur bæði rekið vinnustofur í Danmörku og eigin gallerí á Íslandi, hún á fjölda sýninga að baki. Að þessu sinni sýnir hún olíumálverk sem hún hefur unnið á síðustu árum.

Litir og form hafa lengi verið henni hugleikin og mörg verka hennar einkennast af sterkum litum og kröftugum formum. Litrík verk verða á sýningunni í Gallerí Vest þar sem sjást kunnugleg stef í bland við nýjar tilraunir Sjafnar. Sjøfn er afkastamikill myndlistarmaður og eru hátt í tvö þúsund myndverk eftir hana í einkaeigu hér á landi og í 30 öðrum löndum en hún hefur einnig unnið veggmyndir, skúlptúra, gler og leirverk. „Ég er mjög ánægð að hafa fengið tækifæri til þess að sýna í Gallerí Vest. Þetta er frábær staður í Vesturbænum og þau hjón Þórey Eyþórsdóttir og Kristján Baldursson eiga heiður skilið að standa fyrir þessari menningarstarfsemi,“ sagði hún í samtali við Vesturbæjarblaðið.

Sjøfn Har með hundinn sinn skammt frá Stokkseyri en hún bjó og var með vinnustofu þar um árabil.

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegs sumars og þökkum viðskiptin í vetur.

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996
Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is • Allan sólarhringinn

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Ýmsar endurbætur á starfsstöð N1 við Ægissíðuna

Það var föstudagsmorgun í apríl og síðasti dagur á nagladekkjum samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar þegar Vesturbæjarblaðið heimsótti N1 við Ægisíðu. Nokkrar Vesturbæjarkonur voru að drífa að með fáka sína til þess að losa járnin undan þeim – það er að segja að taka nagladekkin og koma þeim í geymslu hvort sem er á dekkjahótelinu hjá N1 við Ægisíðuna eða taka þau með sér til hvíldar heima í geymslu. Finnbogi Ágústsson og Benedikt Th. Jónatansson taka á móti þeim og bílunum er ekið inn á lyfturnar einum af öðrum.

Finnbogi og Benedikt tóku við sem sölustjórar hjá N1 við Ægissíðuna fyrsta nóvember sl. en þá var ákveðið að fara í ýmsar endurbætur bæði á verkstæðinu og sölubúðinni og einnig var ráðið nýtt fólk á staðinn. „Við tókum við þessu eftir að ákveðið var að halda þessari starfsemi áfram en á liðu ári komu upp hugmyndir um að loka stöðinni og selja lóðina til húsbygginga. Ekkert varð af þeim fyrirætlunum eins og kunnugt er en í stað þess var ráðist í frekari uppbyggingu. Fréttaflutningur af fyrirhugaðri blokkarbyggingu á N1 lóðinni fyrir framan Einimelinn varð hins vegar til þess að margir héldu að ætti að loka þjónustustöðinni og við erum enn að fá spurningar um það hvenær verði lokað. Það er hins vegar hreinn misskilningur. Hér er ekki verið að loka heldur er verið að drífa þetta upp.“

Finnbogi Ágústsson og Benedikt Th. Jónatansson sölustjórar hjá N1 við Ægissíðu fyrir framan starfsstöð fyrirtækisins.

Gummíkarlinn í Vesturbænum

Bensínstöð Essó og síðar N1 hefur lengi verið við Ægissíðuna en einnig hjólbarðaviðgerð Vesturbæjar sem eitt sinn var til húsa í litlum skúr við hliðina á þvottaplaninu á lóðinni. Margir muna eflaust eftir Jóni Ólafssyni sem lengi rak Hjólbarðaviðgerð Vesturbæjar fyrir glaðværð og góða þjónustu enda kynnti hann sig stundum sem gúmmíkarlinn í Vesturbænum. „Við hugsum til þess tíma þegar hann var að verki og ætlum að reka persónulega þjónustu rétt eins og hann gerði enda koma mörg kunnugleg andlit hingað.“

Sinnum viðgerðum eins og aðstaðan leyfir

Hjá N1 við Ægisíðuna er ekki einungis selt bensín og hjólbarðar heldur sinna þeir Finnbogi og Benedikt ýmiskonar bílaviðgerðum. „Við sinnum þessu eins og húsnæðið og aðstaðan leyfir. Einkum þegar við getum notað lyfturnar. Við önnumst til dæmis um viðgerðir á bremsubúnaði og flestu sem snertir undirvagninn auk þess sem við skiptum um tímareimar og framkvæmum ýmsar minniháttar viðgerðir auk smurþjónustunnar,“ segir Finnbogi sem sjálfur er menntaður bifvélavirkjameistari.

Ýmislegt matarkyns

„Ýmsar smávörur má finna í búðinni hjá okkur sem teljast vera matarkyns. Nú er grilltíminn að hefjast og við bjóðum ýmsar grillvörur auk gasfyllinganna. Við ætlum einnig að hugsa til reiðhjólafólksins enda njóta hjólreiðar sívaxandi vinsælda. Við gerum það með því að koma upp aðstöðu hér á lóðinni, einskonar hjólreiðavegg þar sem fólk getur komið með hjólin sin og gert þeim til góða eftir því sem þarf.“ Finnbogi segir að laga þurfi þvottaplanið. „Við stefnum að því að koma upp góðu plani fyrir fimm til sex bíla. Það var mikið stærra hér áður fyrr enda mun meira um að fólk þvægi bílana sína sjálft en er í dag.“ Þegar tíðindamaður hverfur á braut undir hádegi eru Vestrubæjarkonurnar enn að koma með heimilisbílana til dekkaskiptingar og karlar teknir að bætast í hópinn. Vesturbæingar ætla greinilega ekki að spæna malbikið upp með nöglum í sumar og breyta því í svifryk.

KR í úrslit eftir stórsigur

- mæta Haukum í úrslitum um Íslandsmeistaratitilinn

KR er komið í úrslit Domino's deildar karla í körfubolta eftir stórsigur á Njarðvík, 92-64, í oddaleik í DHL-höllinni

Njarðvík byrjaði leikinn ágætlega en KR-ingar voru fljótir að ná undirtökunum og hreinlega völtuðu yfir gestina. Heimamenn voru frábærir, jafnt í vörn sem sókn, og gáfu Njarðvíkingum engin grið. Það var hvergi veikan blett að finna í KR-liðinu sem spilaði sinn besta leik í úrslitakeppninni. KR mætir Haukum í úrslitum en fyrsti leikur liðanna fór fram á þriðjudaginn í DHL-höllinni.

Njarðvíkingar byrjuðu vel og leiddu framan af. Þeir voru sérstaklega grimmir í sóknarfrákösstunum. KR-ingar voru smá tíma að finna taktinn en um leið og þeir hættu að tapa boltanum og fóru að frákasta betur náðu þeir tökum á leiknum.

Í 2. leikhluta voru KR-ingar með öll völd á vellinum og spiluðu stórvel. Þeir sigu fram úr í frákastabaráttunni, spiluðu góða vörn og sóknarleikurinn gekk smurt undir styrkri stjórn Pavels Ermonlinskij.

KR vann 2. leikhluta 25-16 og leiddi með 14 stigum í hálfleik, 47-33. Fjórtán stig er ekki mikill munur í körfubolta en KR-ingar gáfu Njarðvíkingum aldrei tækifæri á að nálgast sig í seinni hálfleik.

KR-ingar í baráttu undir körfunni við Njarðvíkinga.

Heimamenn hittu áfram vel á meðan að sóknarleikur Njarðvíkinga var stirður. Vörn KR var þétt og heimamenn beindu gestunum hvað eftir annað inn í miðjuna þar sem sóknir þeirra runnu út í sandinn.

KR vann 3. leikhlutann 29-12 og fyrir lokaleikhlutann munaði 31 stigi á liðunum, 76-45, og úrslitin svo gott sem ráðin.

Fjórði leikhlutinn var bara formsatriði sem þurfti að klára. Njarðvíkingar unnu hann 19-16 en það breytti engu um úrslitin. Lokatölur 92-64, KR í vil.

Craion var stigahæstur í liði KR með 20 stig en Brynjar Þór Björnsson, sem átti skínandi leik, kom næstur með 16 stig. Darri Hilmarsson skoraði 13 stig, tók átta fráköst, gaf fjórar stoðsendingar og spilaði sína frábæru vörn að vanda. Hann hitti einnig úr þremur af fjórum þriggja stiga skotum sínum en alls var KR-liðið með 53% þriggja stiga nýtingu.

Magnús Daði og Jóhannes Orri Íslandsmeistarar

KR-ingar voru sigursælir á Íslandsmóti unglinga sem fram fór á Akranesi um helgina. Magnús Daði Eyjólfsson varð Íslandsmeistari í tvíliðaleik í U15 með Brynjari Má Ellertssyni, ÍA í tvíliðaleik. Magnús Daði og Karólína Prus urðu í öðru sæti í tvenndarleik. Þá varð Magnús Daði í 3. – 4. sæti í einliðaleik. Jóhannes Orri Ólafsson varð Íslandsmeistari í tvíliðaleik U17 með Kristni Breka Haukssyni, Aftureldingu.

Magnús Már Magnússon varð í 5. – 8. sæti í einliðaleik U15 og í 3. – 4. sæti í tvíliðaleik U15 ásamt Sigurði Patrik Fjalarssyni, KR. Þórarinn Dagur Þórarinsson varð einnig í 3. – 4. sæti í tvíliðaleik U15 ásamt Gísla Marteini Baldvinssyni, TBS. Þá lenti hann í 2. sæti í aukaflokki í einliðaleik U15, sem öðru nafni nefnist B-flokkur mótsins. Karólína varð í 5. – 8. sæti í einliðaleik U15. Þær Berglind Magnúsdóttir urðu í 5. – 8. sæti í tvíliðaleik U15. Kristín Magnúsdóttir varð einnig í 5. – 8. sæti í einliðaleik U15. Lið KR var valið prúðasta lið mótsins.

Sigursælir badmintonkrakkar úr KR.

KR og Atlas gera samstarfssamning

Knattspyrnufélag Reykjavíkur hefur gert samstarfssamning við Atlas Endurhæfingu um greiningu, meðhöndlun og endurhæfingu íþróttamanna hjá félaginu.

Atlas Endurhæfing hóf starfsemi sína árið 2008 og hefur verið í góðu samstarfi og verkefnum fyrir íþróttahreyfinguna (landslið og félagslið). Hjá Atlas Endurhæfingu starfa 11 sjúkraþjálfarar sem flestir hafa sérhæfingu á ákveðnu sviði innan sjúkraþjálfunar (masters gráðu) sem tryggir bestu mögulegu þjónustu fyrir skjólstæðinga KR á öllum aldri. Í húsnæði Atlas starfa einnig læknar með sérhæfingu í endurhæfingar- og íþróttalækningum sem mun tryggja heildræna og örugga þjónustu fyrir félagsfólk. Atlas endurhæfing hefur sérhæft sig í íþrótta- og verkjaendurhæfingu og bíður upp á heildræna endurhæfingu fyrir þá sem eiga við stoðkerfis- eða vefjavandamál að stríða. Atlas endurhæfing ehf. verður með sértæka greiningaþjónustu í húsakynnum KR til að auðvelda skjólstæðingum KR og flýta fyrir meiðslagreiningu á hverjum tíma. En aðalstarfsemi Atlas er staðsett

Við undirritun samningsins.

við Engjaveg 6 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal (við hliðina á Laugardalshöllinni). Sjúkraþjálfarar Atlas verða á þriðjudögum frá kl. 17.30 -19.00 til viðtals og greiningar í KR heimili fyrir iðkendur félagsins sem eru 17 ára og yngri. Þeir aðilar sem hafa áhuga á að notfæra sér þjónustuna verða skrá sig hjá Atlas endurhæfingu.

Afgreiðsla Atlas er opin mánudaga til fimmtudaga frá kl: 8.00 – 17.00 og föstudaga kl: 8.00 – 16.00. Tímapantanir eru í síma 552-6600 eða á afgreidsla@atlasendurhaefing.is

KR-SÍÐAN

SKAUTAHÖLLIN REYKJAVÍK
Sími: 588 9705
www.skautaholl.is
Opnunartímar:
Mánud., Þriðjud. og Miðvikud. 12:00 til 15:00.
Fimmtudaga 12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30.
Föstudaga 13:00 til 19:00.
Laugardaga og Sunnudaga 13:00 til 18:00.
Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.

1X2
GETRAUNANÚMER
KR ER 107

www.kr.is

Rauða ljónið
sídan 1989
HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN
TAKTU MEÐ
eda
BORÐAÐU Á STAÐNUM
Alvöru matur
Coca-Cola

Snyrtistofan Leila boutique

GUERLAIN CLARINS

Leila boutique
Eiðistorgi 2 hæð
sími 5512323

Laufey Birkisdóttir

Snyrti, förðunar- og nuddfræðingur

Dermatude - húðmeðferð
Nouveau Contour - varanlegt augn, vara- og augabrúnameðferðir
Epilast - háreyðing

Allar almennar snyrtimeðferðir - Clarins vörur

Ég tek vel á móti ykkur, hlý og persónuleg þjónusta